

MOTOR & SPORT

TÍMARIT UM BÍLA, MÓTORHJÓL, VÉLSLEÐA, BÁTA & MÓTORSPOURT

**King Of The Street
2013**



King of the street - Mótorsport
Viðtal - Skólabílar - Bátar
o.m.f



ÞESSI
BORGARI ER
HRIKALEGA
GÓÐUR!
-ÞAÐ ER BARA ÞANNIG!



MOTOR & SPORT

TÍMARIT UM BÍLA, MÓTORHJÓL, VÉLSLEÐA, BÁTA & MÓTORSPOURT

Höfundar efnis:

Díana Bryndís

Hálfván Sigurjónsson

Björn I Björnsson

Kristín Sunna Sigurðardóttir

Bogi Baldursson

Halldór Már Aðalsteinsson.

Myndir:

Díana Bryndís

Kristín Sunna Sigurðardóttir

Katrín María Andrésdóttir

Bogi Baldursson

Kristinn T Björgvinsson

Hálfván Sigurjónsson

Suzuki Motors

Ford Motor Company

Chevrolet Motors

Skoda Auto

Grafík/Útlitshönnun:

Halldór Már Aðalsteinsson

Vefstjórn:

Árdís Pétursdóttir

Prófarkalestur:

Díana Bryndís

Dreifing:

Jón Rúnar Rafnsson

Kristinnur Ólafsson

Það er nú kannski lítið að segja annað en að gríðarlega mikið mótorsport er í gangi, nú á þessu sumri, og öll mótorsportmannvirki eru iðandi af lífi.

Þetta sést vel í umfjöllunum okkar um mótorsport og akstursklúbba sem eru í essinu sínu nú í sumar.

Að öllu öðru ólöstuðu finnst mér persónulega að King Of The Street keppni kvartmíluklúbbsins hafi staðið upp úr og þá sérstaklega sá árangur sem náðist þar.

Þá eru að sjálfsögðu allir sem vettlingi geta valdið, í ferðalögum og mikið að gerast í því núna innanlands.

En í ágúst verður ennþá meira mótorsport og eru jafnvel margar keppnar á hverri helgi og þá eru líka sumarleyfin að klára sig, þannig að nóg er um að vera á þjóðvegum landsins.

Þá eru bátamenn líka að nota sér sumarið til siglinga og að sjálfsögðu til að leika sér á þessum ógnar græjum sem við erum að sjá á sjó og vötnum.

Nú síðast í ágúst fara skólarnir að byrja og erum við með smá umfjöllun um litla, ódýra og eyðslugranna bíla í þessu blaði.

Ég ætla að láta þetta gott heita í bili, og bið fólk á ferðinni að fara varlega nú um verslunarmannahelgina svo allir komi heilir heim.

Hálfván Sigurjónsson.





Þriðja umferð Íslandsmótsins í Rallycross fór fram á Rallycrossbrautini við Krísuvíkurveg. Mótor & Sport mættu á staðinn og varð vitni að mjög skemmtilegri og góðri keppni sem við ætlum að segja hér frá í myndum og máli.

Mótor & Sport er sjálfstætt tímarit og starfar algerlega óháð öllum samtökum en vill vera í góðri samvinnu við keppnishaldarana sjálfa til að kynna mótorsport á Íslandi.

En eins og ég skrifaði hér að ofan þá vorum við mættir á Rallycrossbrautina, alveg ágætis veðri, og það verð ég að segja, þar sem ég lagði Fordinum í áhorfendastæðunum að ég var bara nokkuð ánægður með sjónarhornið sem ég hafði, en af gamalli reynslu þá vissi ég að það gat orðið mikið um pústra einmitt í þessari beygju.

Það voru 17 keppendur mættir til leiks í þremur flokkum og þar af 8 í unglingaflokki.

Unglingaflokkurinn er að gera stormandi lukku en unglingar mega fara að keyra óbreytta bíla allt að 1600cc (1.6L) á lokuðum svæðum þegar þeir eru 15 ára gamlir, og virðast alltaf fleiri vera að nota sér þetta.

Það var mikið um pústra í unglingaflokknum og eina stúlkan (koma nú stelpur) sem keppti þar, velti bíl sínum, en honum var komið á hjólin og hélt hún áfram eins og ekkert hefði í skorist.

Það var hins vegar Yngvi Rúnar Högnason Honda Civic 1,4L sem sigraði Unglingaflokkinn.

Annar varð: Ríkharður Már Guðmundsson Honda Civic 1,4L

og þriðji varð síðan: Gunnar Karl Jóhannesson Toyota Starlet 1,3L

Þá var keyrður flokkur sem kallast 4WD Króna, en þar er um að ræða fjórhjóladrifna fólksbíla turbo lausa.

Fjórir keppendur mættu í þennan flokk.

Þar sigraði: Eiríkur Kristinn Kristjánsson Subaru Impreza 2,0L.

Annar varð: Ólafur Ingi Bjarnason Toyota Corolla 1,8L.

Í þriðja sæti varð síðan: Jósep Hilmar Guðbjörnsson Subaru Legacy 2,0L

Þriðji flokkurinn var síðan 2000 flokkur fyrir bíla með drif á einum ás og þar endaði þetta svona:

1. sæti: Gunnar Viðarsson Honda Civic 1,6L
2. sæti: Sigurður Sören Guðjónsson BMW 320 2,0L
3. Sæti: Rúnar Sigurjónsson Volkswagen Golf 1,6L

Við þökkum rallykrossdeild AÍH fyrir skemmtilega keppni sem gekk gríðarlega vel fyrir sig og hafi þeir, keppnisstjóri og starfsfólk þakkir fyrir.





Það er sannkölluð spyrnuveisla sem Kvartmíluklúbburinn bauð upp á núna á laugardaginn var (27-7).

Fyrst var það þriðja umferð Íslandsmótsins og síðan strax á eftir kom hin árlega “King Of The Street” keppni þar sem keppt er í 10 flokkum bíla og mótorhjóla.

Sú breyting hefur orðið á keppninni að sigurvegari hvers flokks er krýndur “King Of The Street” í sínum flokki.

Tímatökur í “King Of The Street” og í Íslandsmeistaramótinu voru sameiginlegar og síðan voru keppnirnar keyrðar hver á eftir annari.

Veðrið lék við áhorfendur og keppendur og verður að segjast að þetta er skemmtilegasta spyrnukeppni sem undirritaður hefur farið á í langann tíma. Svolítill aföll voru þó á keppendum í tímatökum, bæði bílar og mótorhjól voru að bíla og brjóta.

Það virðist vera þannig að núna eru keppendur hér heima að verða fyrir svipuðum bilunum og keppendur erlendis, en það er að drifrásin er að fá að kenna á því eftir að brautin var bætt til muna og gripið er orðið með því besta sem þekkest, enda leggja starfsmenn Kvartmíluklúbbsins mikið upp úr því að halda gripinu góðu hvort sem verið er að halda æfingu eða keppni og eiga þeir hrós skilið fyrir þetta starf sem allt er í sjálfböðavinnu.

BJB Púst og Skeljungur og Orkan gáfu glæsileg verðlaun bæði bensín og vöruúttektir til allra sigurvegara í King Of The Street, og þökkum við þeim stuðninginn við mótorsportið.

En snúum okkur aftur að keppnunum. Keppt var í sex flokkum á Íslandsmótinu að þessu sinni. Fjórum flokkum bíla og tveimur flokkum mótorhjóla.

Hér koma úrslitin:

HS/Flokkur:

- 1. Ragnar S. Ragnasson
- 2. Kristján Stefánsson

TD/Flokkur:

- 1. Ingimundur helgason
- 2. Axel Darri Þórhallsson

MC/Flokkur:

- 1. Björn Gíslason
- 2. Auðunn Jónsson

OF/Flokkur:

- 1. Finnbjörn Kristjánsson
- 2. Grétar Ffrankson

G-/flokkur

- 1. Ragnar Már Björnsson
- 2. Svanur Hólm Steindórsson

G+/Flokkur:

- 1. Guðmundur Guðlaugsson
- 2. Ingi Björn Sigurðsson





Og þá er það King Of The Street 2013.

Nú voru krýndir Götukóngar í öllum flokkum.

Við hjá Mótor & Sport ætlum hins vegar að leyfa okkur að kalla einn mann Götukónginn 2013 vegna þess frábæra árangurs sem hann náði.

Þannig að: Götukóngurinn 2013 Er. Kristinn Rúdólfsson en hann náði tímanum 8,930sek á 154,11 mílna hraða sem gera 248,02 km á klst á 402 metrum.

Þetta var besti tími dagsins og mesti hraðinn.

Þá má ekki gleyma því að Pontiac Tempest-inn sem Kristinn keppir á er með upprunalega stál yfirbyggingu þannig að hann er svo gott sem upprunlegri þyngd sem er ca 3700 pund eða um 1680kg.

Miðað við þessa þyngd og endahraðann þá er Pontiac-inn að skila 1057 hestöflum út í hjól.

Flott keppni og glæsilegur árangur bæði í flokkum mótorhjóla og bíla.



Racer 800cc og stærri

1. Guðmundur Gunnlaugsson
2. Friðrik Jón Stefánsson

Racer 799cc og minni

1. Ragnar Már Björnsson
2. Svanur hólmi Steindórsson

8+ cyl DOT

1. Kristinn Rúdólfsson
2. Ingolfur Arnarsson

8+ cyl Radial

1. Auðunn Jónsson
2. Ragnar S. Ragnarsson

4X4

1. Guðbjartur Ægir Ágústsson
2. Haukur Njálsson

4 cyl

1. Gunnlaugur Örn Guðjónsson
2. Sindir Georgsson

Allt flokkar

Hjól

Friðrik Jón Stefánson

Bílar

Kristinn Rúdólfsson





Það eru fjögur ár síðan Kvartmíluklúbburinn fór að halda sjálfstæða keppni sem kölluð var „King Of The Street“.

Hugmyndin með þessari keppni var að ná til þeirra sem langaði að keppa, en fundu ekki flokka við sitt hæfi innan Íslandsmeistaramótsins í kvartmílu.

Þá er þessi keppni ekki háð neinum reglum hjá Akstursíþróttasambandi Íslands nema öryggisreglum sem eru alltaf þær sömu.

Þá hefur Skeljungur stutt vel við Kvartmíluklúbbinn og gefið verðlaun í þessa keppni í þessi fjögur ár.

Fyrstu þrjú árin þá var aðeins krýndur einn „götukóngur“, en nú er farið að krýna „götukóng“ í öllum flokkum keppinnar „King Of The Street“.

Það getur verið skemmtilegt fyrir ökumenn sem eru að koma úr flokkum í Íslandsmótinu, að mega til dæmis setja undir slíkka eða götuslíkka, og þá kannski líka svolitla gusu af nítró

Við slíkar breytingar geta tækin farið um tvær sekúndur niður í tíma, og nota ökumenn sér það.

Þá er þetta líka mjög skemmtilegt fyrir áhorfendur að vera kannski að sjá bíl eða mótorhjól fara á 10sek, sem helgina áður var að keyra í 12sek.



En nú skulum við skoða hvernig þessi keppni hefur gengið í gegnum árin.

Fyrsta King Of The Street keppnin var keyrð árið 2010, skráðir keppendur voru 48.

Það ár sigraði Friðrik Daníelsson á Pontiac Trans Am 1977 og annar varð Daníel Hinriksson á Toyota Supra Turbo.

Friðrik var á tímanum 10,369 og Daníel náði 10,807.

Þessi fyrsta King Of The Street keppni var mjög skemmtileg, og ákveðið var að gera þetta að árlegum viðburði.

Keppnin 2011 var álíka skemmtileg og lauk henni með sigri Kristins Rúdólfssonar á Pontiac Tempest Turbo, en sá sem lenti í öðru sæti var enginn annar en Friðrik Daníelsson sem hafði unnið fyrstu King Of The Street keppnina árið áður.

Kristinn náði best í þessari keppni 9,524sek en Friðrik Daníelsson á Trans Am varð annar á 10,120sek.

Í fyrra þá voru færri keppendur heldur en fyrri ár og meðal þeirra sem hvíldu voru þeir Friðrik og Kristinn, þannig að nýr Götukóngur var krýndur það ár.

Það var 31 keppandi sem mættu til leiks í fyrra og eins og áður er sagt þá var nýr King Of The Street Krýndur þetta ár og var það Bæring Jón Skarphéðinsson, en hann keppti á Chevrolet Corvett C5.

Besti tíminn hjá Bæring í þessari keppni var 10,363sek.

Þetta þýddi það að Bæring varð síðasti King Of The Street vegna þess að í ár var götukóngur krýndur í hverjum flokki og þannig mun það verða áfram.

Við skulum leyfa myndunum að tala.

Hálfdán Sigurjónsson.





Fjórða umferð Ísladsmóts í Gokart



Fjórða umferð Ísladsmótsins í Gokart fór fram á laugardaginn var (27-7) í frábæru veðri á aksturssvæði Bílakkúbbs Akureyrar.

Eftir harða baráttu stóð Steinn Hlíðar Jónsson uppi sem sigurvegari.

Hér að neðan eru úrslitinn í þessari fjórðu umferð Ísladsmótsins:

1. Sæti Steinn Hlíðar Jónsson
2. Sæti Ragnar Skúlason
3. Sæti Hinrik Wöhler
4. Sæti Guðmundur Ingi Arnarsson
5. Sæti Sigmar H Gunnarsson
6. Sæti Ásgeir Elvarsson
7. Sæti Gunnlaugur Jónasson
8. Sæti Viktor Strange



Myndir: Dána Bryndís



ævintýri í hljóði og mynd

HERCULES WAE BLUETOOTH HÁTALARI BTP04

Bluetooth hátalari með endurhlaðanlegri rafhlöðu
Allt að 10 metra drægni á Bluetooth
Virkar sem handfrjálshúnaður
4W RMS kraftur
Högg-, vatns- og rykvarinn með IP64 staðli
Allt að 14 tíma ending í spílun
Vegur aðeins 280g



19.999



9.999

VEHO 3-FÖLD PRO SOGSKÁL FYRIR MUVI VÉLAR

Hönnuð til að nota á farartæki sem ná miklum
hraða eins og bíla, báta, þýrlur og flugvélar



39.999

VEHO MUVI HD NPNG „NOPROOFNOGLORY“ PAKKI

1080p@30fps (16mbit/s) eða 720p@60fps (8mbit/s) upptaka
8MP ljósmyndir – 1, 3 eða áframhaldandi
1,5" LCD Skjár
Loop upptökumöguleiki
1400mAh rafhlaða sem endist 3 klst í upptöku
Vegur aðeins 81g
Vatnshelt box niður á 60 metra
Tekur allt að 32GB microSD kort
Fjarstýring, 8GB microSD, vatnshelt box,
hjálmfesting og fleira fylgir

GOGROOVE FLEXSMART X3 BLUETOOTH FM SENDIR

FM sendir á hreyfanlegum hálsi
Festist í 12V rafmagnstengi
Bluetooth A2DP tækni gefur ótrúleg hljómgæði
3,5mm Mini-Jack aux in fyrir önnur tæki
USB hleðslutengi á haus
AutoScan finnur bestu FM stöðina



39.999

HERCULES WAE BLUETOOTH HÁTALARI BTP02

Bluetooth hátalari með endurhlaðanlegri rafhlöðu
12W RMS kraftur
Allt að 15 metra drægni á Bluetooth
Handfang að ofan
Allt að 20 klst ending í spílun
3,5mm Mini-Jack tengi fyrir önnur tæki

BT Skeifan · BT Glerártorg · Sími 550 4444 · www.bt.is

Þú verður að prófa þetta bón!

Mögnuð vörn sem endist og endist!

Gagnast mjög vel öllum sem fara reglulega með bílinn á þvottastöðvar.
Þolir tjörupvott og sterkustu þvottaefni.



Fæst í verslunum BYKO og
bensinstöðvum N1 um land allt

BYKO

N1



Hún heitir Erla og er með bíla og Mótorhjóladelu! Svona gæti maður byrjað greinina um hana Erlu sem kom til mín um daginn eftir að ég falaðist eftir viðtali við hana þar sem hún var að keppa á Íslandsmótinu í kvartmílu.

Þá vissi ég ekki að mikið af hennar fjölskyldu er mikið bíladellu hjóladelu og keppnisfólk, ég ákvað því að reyna að fá viðtal við fleiri á þeim staðnum.

En snúum okkur aftur að henni Erlu.

Hún er 20 ára og var nýkominn með mótorhjólaprófið þegar hún keppti í sinni fyrstu kvartmílukeppni og segir hún að það hafi verið vinir sem hvöttu hana til að keppa, en þegar betur er að gáð þá heyrir undirrituðum að það hafi ekki þurft mikla hvatningu þar sem hún er mikil keppnismanneskja.

Aðspurð þá segir hún að hún hafi alla tíða verið með delli fyrir allskonar ökutækjum og jaðarsporti þeim tengdum.

Hún hefur til að mynda verið mikið á motorcross hjólum þó svo að hún hafi aldrei keppt á þeim.

Þá segir hún mér að alltaf þegar hún hafi tíma þá sé hún í bílskúrnum með föður sínum sem sé nú að vinna að því að gera upp 1970 árgerð af Chevrolet Chevelle.

En núna er áhuginn aðallega í því fólgin að aka um á Yamaha R6 mótorhjólina og keppa á því.



Þess má til gamans geta að Erla er skráð í "King Of The Street" keppnina hjá Kvartmíluklúbbnum og ætlar hún svo sannarlega að gera betur en í sinni fyrstu keppni, og stefnir á lágar 12sek og helst miðjar 11sek, og hún segir að draumurinn sé að vinna hann Adam sem er að vinna allt einmitt á Yamaha R6.

En hvað gerist síðan á veturna þegar ekki er hægt að keyra um á hjóli lengur eða krúsa um á flottum gömlum bíl, jú þá er

það bílskúrinn og það að gera upp bíla en síðan eru það snjóþrettir sem heilla á veturna meðan beðið er eftir því að það komi veður til að fara út að keyra á einhverju af tækjunum.

Við hjá Mótör & Sport óskum Erlu alls góðs og vonum að fá aðfylgjast með henni í keppni í framtíðinni.



Kawasaki ZX6 - 2009
Nýtt hjól. Verð ~~1.749.000,-~~
Tilboð kr. **1.390.000,-**



Kawasaki VN1700C - 2009
Nýtt hjól. Verð ~~2.420.000,-~~
Tilboð kr. **1.790.000,-**



Kawasaki KX450F - 2009
Ekið 110 tíma.
Tilboðsverð kr. **690.000,-**



Kawasaki KX450F - 2010
Ekið 180 tíma. Vel viðhaldið.
Tilboðsverð kr. **690.000,-**



Kawasaki KX450F - 2009
Ekið ca. 75 tíma.
Tilboðsverð kr. **750.000,-**



Kawasaki KX250F - 2010
Ekið 58 tíma. Nýr stimpill.
Tilboðsverð kr. **690.000,-**



Kirkjulundi 17 • Garðabæ • www.nitro.is - 557 4848



KVIKK
ÞJÓNUSTAN

þjónusta þér í hag

5 200 600

Við eigum fyrirbyggjandi pústkerfi í flestar tegundir bifreiða!

Kvikk þjónustan sérhæfir sig í pústþjónustu fyrir flestar gerðir bifreiða. Um er að ræða viðgerðir og smíði auk þess sem við flytjum inn pústkerfi á góðu verði.

Einnig sinnum við öðrum þáttum bifreiðaviðgerða s.s. bremsuviðgerðum, undirvagnviðgerðum, stýrisgangi og fjöðrunarbúnaði

Við leggjum metnað okkar í vandaða þjónustu á góðu verði svo hagkvæmt verði að leita til okkar.

Vagnhöfða 5 - 110 Reykjavík :: Drangahrauni 1 - 220 Hafnarfjörður - Sími 5 200 600 - kvikk@kvikk.is - www.kvikk.is



PÚST



BREMSUR



STÝRISGANGUR



SMUR



BÓKUN Á NETINU





Kvennarúntur Fornbílaklúbbsins

Þann 3. Júlí síðastliðinn var hinn árlegi kvennarúntur Fornbílaklúbbsins.

Hér eru nokkrar myndir frá rúntinum.

Hálf dán Sigurjónsson.



Bílaklúbbur Skagafjarðar hélt sitt árlega rallý núna síðustu helgina í júlí.

Reyndar var þetta föstudagur og laugardagur, en það mættu 15 áhafnir og bílar til leiks og þrettán tókst að klára keppnina.

Það voru þeir Sigurður Bragi Guðmundsson og Ísak Guðjónsson á Lancer EVO7 sem sigruðu heildarkeppnina en í öðru sæti urðu þeir Henning Ólafsson og Árni Gunnlaugsson á Subaru Impreza.

Mikil og skemmtileg keppni var í NT flokki, en það er flokkur 4x4 bíla, sem ekki eru með túrbínu.

Þann flokk sigruðu þeir: Halldór Vilberg Ómarsson og Brynjar Ögmundsson á Subaru Impreza, í öðru sæti voru síðan Bragi Þórðarson og Guðni Freyr Ómarsson á Subaru Impreza.

Halldór Vilberg og Brynjar voru neðarlega eftir fyrri daginn, en seinni daginn bættu þeir sig svo um munar og er haft fyrir satt að þeir hafi sett hraðamet fyrir túrbólausa bíla á sérleiðinni um Mælifellsdal á laugardegnum.

Þá sérleið keyrðu þeir á sama tíma og Sigurður Bragi og Ísak, sem eru á 300 hestafla sérútbúnum rallybíl.

Úrslitin í Skagafjarðarrallýinu:

Heildin:

1. sæti Sigurður Bragi Guðmundsson / Ísak Guðjónsson - MMC Lancer Evo

2. sæti Henning Ólafsson / Árni Gunnlaugsson - Subaru Impreza

3. sæti Halldór Vilberg Ómarsson / Brynjar Ögmundsson - Subaru Impreza

Flokkur NT:

1. sæti Halldór Vilberg Ómarsson / Brynjar Ögmundsson - Subaru Impreza

2. sæti Bragi Þórðarson / Guðni Freyr Ómarsson - Subaru Impreza

3. sæti Þórður Guðni Ingvason / Elvar Smári Jónsson - Subaru Impreza

Nánnar um þetta rallý inn á heimasíðu Bílklúbbs Skagafjarðar: www.bks.is

Texti: Björn I Björnsson og Hálf dán Sigurjónsson Myndir: Katrín María Andrésdóttir og Kristinn T Björgvinsson





Samkvæmt upplýsingum frá framleiðandanum þá eru þeir á mikilli siglingu að verða stærstir á Evrópskum RIB markaðinum, nú þegar eru þeir mest seldur RIB bátarnir í Svíþjóð og Hollandi ásamt Ástralíu. Brig framleiðir RIB báta í stærðunum 3.60 metrar til 7.80 metrar í 4 gerðum, Falcon tender sem ætlaðir eru sem léttabátar á stærri skemmtibátum, þvínæst er Falcon sem er einfaldur og ódýr kostur fyrir þá sem vilja byrja, nýjasta línan er svo Navigator sem er ætlaður bæði fyrir almenning og til atvinnunotkunar að lokum er svo Eagle línan þar sem íburður og útfærsla er hugsað til enda til að eigandinn njóti bátsins og þægindanna.

Uppsetning bátsins: skrokkurinn er með góðum lyftirílum sem hafa tvennskona tilgang annars vegar að koma bátnum fljótt uppá plan og einnig að ýta sjónum frá bátnum þannig að hann leyti ekki uppá kinnunginn og yfir stefnið og inni bátinn, hann er ekki borðhár þannig að belgurinn snertir sjóinn að aftan og virkar annars vegar sem dempari þegar siglt er í öldum og einnig veitir belgurinn stuðning þegar teknar eru krappar beygjur. Belgurinn er úr þykkum PVC dúk og eru öll samskeyti soðin saman en hlífðarkantur og höldur eru límðar á belginn. Nú skulum við líta á uppsetninguna innan í bátnum, fremst við stefni er geymsla fyrir bönd, ankeri, stýrispúltið er frístandandi með litlum bekk framan við sem einnig er hyrsla, vökvastýri, mælar og inngjöf fyrir utanborðsmótorinn, ágætis pláss er fyrir talstöð og GPS, fyrir aftan stýrispúltið eru 2 hnakkar sem veita góðan stuðning við bakið þegar setið er og við mjóhryggina ef staðið er, í hnökkunum eru geymslur, þvínæst tekur við stór bekkur þvert yfir bátinn á milli belgja þar sem 3-4 geta setið, þar undir er góð geymsla fyrir rafgeymi, olíuforðabúr fyrir utanborðsmótorinn sé hann tvígangis, góður bakstuðningur er fyrir aftan bekkinn að lokum er svo A-gálgi sem á er fest siglingarljós og er gert ráð fyrir



Umboðsaðili Brig á Íslandi er Bataþjónustan, Lynghálsi 3 í Reykjavík sími 615-2030.

Okkur gafst kostur á að prófa Navigator 570 með Evinrude 75 hestafla utanborðsmótor í Gautaborg á fallegum en blautum degi, en eins og máltækið segir „enginn er verri þá hann vökni“ (þar sem greinarhöfundur var einn á ferð notum við myndir af heimasíðu Brig).



að loftnetið fyrir talstöðina sé fest á gálgann, bensíntanknum er komið fyrir í skrokknu undir gólfinu, rúmgott er um alla um borð fyrir þann fjölda sem sæti eru fyrir. Utanborðsmótorinn á þessum bát er sem áður sagði Evinrude 75 hestafla etec tvígangis mótor með beinni innspýtingu, 3 cylindra.

Þessi uppsetning á bát hentar mjög vel fyrir þá sem vilja geta félaga með eða fjölskylduna, stærðin og þyngd er einnig hentug fyrir flesta stærri fjölskyldubíla til að ferðast og kynnast landinu okkar frá sjó eða vatni og sjá það frá öðru og spennandi sjónarhorni.

Þá er komið að því að kynnast bátnum af eigin raun og leysa landfestar og halda út á sjó og sjá hvað hann getur, á leiðinni út úr bátahöfninni er siglt á 5 sjómílna hraða og hann heldur stefnunni vel og svarar fljótt beygjum þegar út á sjó er komið er tími til að gefa inn og sjá hvernig svörunin er og finna öldur til að finna sjóhæfni bátsins, sem fyrr segir var rigning og vindur var 8 metrar á sekúndu af suðaustan, ekki alveg það besta í Gautaborg þar sem þetta er landátt, en engu að síður þá eru ferjusiglingar miklar á svæðinu þannig að í staðinn gat maður notað sér þær til prófunar. Báturinn er fljótur uppá plan og svarar trimmunin á utanborðsmótornum mjög vel þannig að hann jók hraðann um 4 sjómílar án þess að gefa inngjöfinni frekar inn, á öllum hraðastigum var báturinn mjúkur á öldunum, en þegar stokkið er fram af öldu nálægt ferjunni getur landingin verið svolítið hörð en taka skal fram að ekki eru kjölfarsöldur sambærilegar við náttúrulegar öldur og því yfirleitt harðari landing en við náttúrulegar öldur.

Ein af þeim prófunum sem gerðar voru var að leggja bátinn á fullri ferð 32 sjómílum og leysti báturinn það vel úr hendi á

SPECIFICATIONS

Length Overall (cm)	570	Weight of Boat with Fuel and MAX Engine (kg)	785
Width Overall (cm)	230	Maximum Payload (kg)	1220
Height Overall (cm)	190	Minimum Power (HP)	75
Tube Diameter (cm)	50	Recommended Power (HP)	90
No. of Chambers	5	Maximum Power (HP)	120
No. of Persons	10	Design Category	C
Weight of Empty Boat (kg)	480	Fuel Tank Capacity (L)	98

Dimensions do not include engine dimensions. Dimensions indicated have a tolerance of ±3%. Weight measurements have a tolerance of ±5%.

Samantekt: Báturinn er mjög skemmtilegur með góða sjóhæfni, uppsetning góð og þægileg, fljótur upp á plan með ágætis geymsluplássi. Væri betri og eyslugrennri með aðeins stærri utanborðsmótor.

Snúningur á móti hraða

1.000	4,0	sjómílar
1.500	5,7	sjómílar
2.000	8,9	sjómílar
2.500	12,2	sjómílar
3.000	19,2	sjómílar
3.500	23,4	sjómílar
4.000	28,5	sjómílar
4.500	30,8	sjómílar
4.900	32,5	sjómílar



Hjóladaðar á Akureyri 2013



Hjóladaðar hófust fimmtudaginn 18 júlí, með hópkeyrslu um Akureyri, sem endaði svo á Mótahjólafestinni í Akureyri.

Þrátt fyrir mikla rigningu, mættu nærri 40 hjól í þennan árlega viðburð. Þar bauð Tían upp á vöflur og kaffi, ásamt skoðun um safnið.

Sett voru í gang tvö gömul hjól, Triumph 500N árg 1928 og Hercules W2000 Wankel árg 1974, sem er nýgert upp, sem safnið á. Þau voru bæði flutt inn fyrir safnið af Jóni Dan Jóhannssyni.

Daginn eftir, eða á föstudeginum, var síðan hópkeyrsla til Hauganess, í grillveislu.

Svipaður fjöldi hjóla mætti þangað í pylsur og annað góðgæti.

Laugardagurinn fór svo í Swapmeet á Ráðhústorgi, mótahjólabraut og nokkrir hjólamenn buðu börnum að sitja aftan á, í keyrslu um Landsbankaplanið.

Um kvöldið voru tónleikar með Andreu Gylfa á Græna Hattinum, þar sem hún hélt upp á fimmtugsafmæli með Stelpurokki, og var fullt út úr dyrum. Þetta voru Að sjálfsgöðu snilldartónleikar, og allir komu glaðir þaðan. Síðan dreifðist hjólafolk um bæinn og hélt áfram að skemmta sér fram á morgun.

Hjóladaðar hafa verið árlegur viðburður um nokkurt skeið og hefur mótahjólafólk, víðs vegar af landinu komið saman og skemmt sér vel á þessum dögum. Eg mæli eindregið með því að þeir sem ekki hafa komið enn, mæti á næsta ári og geri sér glaðan dag í góðum félagskap.



Adam's alhliða hreinsivörur fyrir bílinn þinn. Sápur, bón, massar, hreinsiefni fyrir innréttingar, dekk, rúður og fl. Adam's hefur allt fyrir bílinn.



**H. Jacobsen ehf, Reykjavíkurvegi 66, 220 Hafnarfirði.
jacobsen@talnet.is. Sími 699-3135 www.adamspolishes.com**

TPMS viðvörunarbúnaður í bílum

til hvers ?



Mynd sýnir veggrip miðað við of lágan, réttann og of mikinn loftþrýsting

Reglugerð um viðvörunarbúnað loftþrýsings hjólbarða í bílum tók gildi í Evrópu á síðasta ári. Allir nýskráðir bílar frá nóvember 2014 eru skildaðir að hafa þennan búnað. Bandaríkjamarkaður tók upp samskonar reglur árið 2007 og því komin talsverð reynsla markaðarins á slíkar reglur.

Búnaðurinn virkar þannig að skynjarar í hjólbörðum bifreiða senda boð til bíltölvu og viðvörunarljós lýsir í mælaborði ef þrýstingur fellur niður fyrir ákveðin mörk og gefur þannig bílstjóra til kynna að hann þurfi að láta athuga loftþrýsting í hjólbörðum bílsins.

Ástæðurnar fyrir því að þessi búnaður er skyldaður með reglugerð eru fyrsta lagi öryggismál og hinsvegar umhverfisáhrif.

Flestum bílstjórum er ljóst að réttur loftþrýstingur í hjólbörðum tryggir hámarksveggrip og þar með hámarksöryggi þar sem eina tenging ökutækja við götuna er í gegnum hjólbarðana. Of mikill loftþrýsingur minnkar veggrip sem og of lítill loftþrýstingur. Of lítill loftþrýsingur eykur einnig eldsneytiseyðslu og eyðir dekkjum óþarflega hratt og hvorutveggja er slæmt fyrir umhverfi okkar fyrir utan það að kosta okkur umtalsvert af fjármunum. Af þessum ástæðum er gott mál að hafa slíkan viðvörunarbúnað til að geta gripið inn í tímanlega og jafnvel bjargað því að dekk skemmist ekki vegna of lítils loftþrýsings. Erfitt getur verið að átta sig á að nægur loftþrýstingur sé í dekkjum með því einu að horfa á þau.

Hvað gerum við ef TPMS ljós lýsir í mælaborði bíls ? Í fyrsta lagi þá athugum við loftþrýsting í dekkjum og pössum upp á að hann sé eins og framleiðandi ráðleggur. Ef það dugar ekki þarf að fara með bílinn á hjólbarðaverkstæði og þar eru skynjarar athugaðir en hægt er að gera slíkt án þess að taka hjólbarðana undan bílnum með þar tilgerðum tölvuskanna sem les allar upplýsingar um skynjarana. Ef skynjari reynist í ólagi er skipt um skynjara í þeim hjólbarða og hann endurforritaður með sama tölvuskanna og hjólbarðinn settur undir bílinn aftur.

Vetrardekk á felgum. Þegar eigandi ökutækis kýs að eiga aukasett af hjólbörðum á felgum með t.d. vetrardekkjum þarf hann að kaupa 4 auka skynjara setja í þær og eru þeir forritaðir á sama hátt.

Mikilvægt er að þegar skipt er um dekk á felgum þarf að skipta um þéttingar og/eða ventla í TPMS skynjurunum á sama hátt og gert hefur verið með hefðbundna ventla. Slíkt tryggir gæði á þéttleika og að ekki komi upp óþarfa leki úr hjólbörðum.



Schrader var stofna 1844, hér eru dæmi um auglýsgar síðan upp úr 1920.



TPMS handskanni.



TPMS borðskanni



TPMS skynjari er festur á ventil og eru þeir bæði til sem gúmmi og málmventlar sem eru skrúfaðir fastir



Handskannarnir frá Schrader lesa þráðlaust með því að bera þá upp að felgu.

Schrader er fyrirtæki sem hefur starfað í hjólbarðageiranum síðan 1844 og eru einn stærsti framleiðandi TPMS skynjara fyrir bílaframleiðendur. Schrader framleiðir einnig skynjara fyrir eftirmarkaðinn og ganga í flesta bíla, aðeins er um mismunandi forritun að ræða og jafnvel hægt að endurforrita skynjara ef þörf er á.

Schrader auðveldar litlum sem og stórum verkstæðum að þjónusta bíleigendur með því að bjóða upp á 3 gerðir af tölvuskönnum.

Einfaldasta útfærslan Schrader „Activ´Air“ les upplýsingar um skynjarana í felgunum og gefur tilkynna hvort allt sé í lagi með þá og hver loftþrýstingurinn er í hverju dekki.

Næsta gerð er Schrader „Pad“ borðlausn sem tengist með USB tengi í PC tölvu en gagnagrunnurinn er þegar í tækinu. Skynjarinn er lagður ofan á búnaðinn sem er með innbyggt loftnet til að lesa og forrita skynjara.

Fullkomnasta gerðin Schrader „Exp´Air“ getur bæði lesið og forritað skynjara þráðlaust jafnvel þó skynjararnir séu komnir í felgur og þær undir bílinn. Þessi gerð getur einnig tengst tölvukerfi bíla í gegnum OBD tengi þeirra og forritað bíltölvuna sjálfa til að samþykkja nýja TPMS skynjara.

Schrader TPMS skynjara er hægt að setja upp og forrita jafnvel þó bíllinn sé ekki til staðar, aðeins þarf númer af gamla skynjaranum og þá er hægt að setja upp nýjan sem virkar eins og sá gamli. Einnig er hægt að fá skynjara og skjá til að setja í eldri bíla og útbúa þá með TPMS búnaði til að auka öryggi þeirra tiol muna.

N1 rekur 10 hjólbarðaverkstæði og bíður upp á TPMS þjónustu fyrir bíleigendur. N1 er sölu og dreifingaraðili fyrir Schrader vörur og þjónustar hjólbarðaverkstæði um allt land.



Félagar í Fornbílafélagi Borgarfjarðar tóku vel á móti ferðalöngunum með kaffi og ástarpungum. Landbúnaðarsafn Íslands á Hvanneyri var skoðað sem og nokkrir bænda- og handverksmarkaðir á leiðinni. Einnig var áð á Ytri-Görðum en þar rekur félagi klúbbsins Þorkell Símonarson gistiaðstöðu. Að lokum var hópnum boðið í kjötsúpu á heimili félaga okkar í Búðardal, þeirra Jörundur og Hugufrán. Ferðin var skemmtileg og vel heppnuð þó að hún hafi verið ansi blaut.



SÉRFRÆÐINGAR Í AMERÍSKUM BÍLUM

HVAÐ GERUM VIÐ?
...Við
gerum
við ...bíla!

ALLAR ALMENNAR VIÐGERÐIR /
ÁRALÖNG REYNSLA OG ÞEKKING /
FULLKOMINN TÆKJAKOSTUR /
SÉRÞEKKING Á GM, CHRYSLER,
DODGE, JEEP OFL.



Mótór
stilling
BÍFREIÐAVERKSTÆÐI



Björn Gíslason
Sími: 892 3450 & 554 0305

Körfeubilar ehf.



**Þjónusta Bifreiða
Hjallahrauni 4
220 Hafnarfjörður**

**TEKNIPJÖNUSTA
BIFREIÐA EHF.**



SKÓLABÍLAR

Þetta er það sem við köllum bílana sem eru ódýrir og skólafólki finnst þægilegt að nota.

Auðvitað eru þessir bílar fyrir alla en aðal atriðið við þá er að þeir eru ódýrir, sem sagt undir tveimur milljónum, eyða litlu, eru liprir og þægilegir í akstri og síðast en ekki síst þá menga þeir lítið.

Við hjá Mótör og Sport fórum af stað og leituðum uppi þá bíla sem komust fyrir í þessum flokki og okkur til mikillar undrunar fundum við bara fjóra bíla sem komust í þennan hann.

Þeir eru: Chevrolet Spark, Ford Ka, Skoda Citigo og Suzuki Alto.

Þessir bílar eru allir mjög svipaðir að stærð og gerð, þannig að auðvelt er að sjá hvar verðmyndunin er, þó svo að þeir séu undir fjórum mismunandi vörumerkjum, sem öll eru vel þekkt og góð.

Þessir bílar hafa verið mis vinsælir síðustu ár, en þó verðum við að benda á að Skoda Citigo er nýr bíll og Ford Ka er ný hönnun þó svo að nafnið sé það sama og hefur verið á þessum bíl til margra ára.

Við ætlum ekki að fara í neinn samanburð á þessum bílum, aðeins að kynna þá fyrir lesendum og koma með upplýsingar sem umboðin hér heima veita.

Allar nánari upplýsingar um þessa bíla er hægt að nálgast hjá eftirfarandi umboðum:

Bílabúð Benna: Chevrolet Spark; Brimborg: Ford Ka; Hekla: Skoda Citigo og Suzuki bílar: Suzuki Alto.



Slagrými	995
Borvídd (mm)	68,5
Slaglengd (mm)	67,5
Eldsneytiskerfi	Bein innsprautun
Þjöppunarhlutfall	9,8Vélarafi (kW/hp)
	50/68 v 6400 sn
Hámarkstog (Nm)	93 við 4800 sn
Mengunarstaðall	Euro 5Co2
losun(gr/km)	119
Hámarkshraði (km/klst)	154
Snerpa 0-100 km	15,5
Eldsneytisnotkun blandaður akstur	5.1*





4 manna

Verð: 1,950,000,-

Orkugjafi : Bensín
Gírkassi: Beinskiptur 5 gíra.
Hröðun: 0-100: 14,4 sek.
Meðal eyðsla: 4,5 l.
Útblástur: 105 gr.
Tog: 95 Nm við 3000-4300 sn./mín.

Lengd (mm): 3.563
Breidd (mm): 1,910
Þyngd (kg): 929

Staðalbúnaður:
ESP stöðuleikastýring og spólvörn.
Veltisýri
ABS hemlar
Aftengjanlegur loftpúði í farþegasæti
4 öryggisloftpúðar
Rúðurka á afturrúðu
6 hátalarar
ISOFix festigar fyrir barnabílstóla
Tvískipt niðurfellanleg afturbak
Aukin veghæð



Tæknilegar upplýsingar

Vél		Bensín
Rúmtak		1,0 lítrar
Drifbúnaður		2WD
Gírskipting		Beinsk. Sjálfsk.
Rými		
Sæta fjöldi		4
Farangursrými	Hámark	774 (lítrar)
Niðurfeld sæti		367 (lítrar)
Upprétt sæti		129 (lítrar)
Eldsneytistankur		35 (lítrar)
Vél		
Rúmtak cc		996
Stimplar		3
Ventlar		12
Borvídd / slaglengd (mm)		73,0 x 79,4
Þjöppuhlutfall		11,0
Hámarksafköst	kw/snm	50/6.000
Hámarks snúningsvægi	m/snm	90/3,400
Hestöfl		68
Eldsneytiskerfi		Fjölinsprautun
Undirvagn		
Hjólbarðar		155/65R14
Þyngdir		
Eiginþyngd	kg	885 910
Heildarþyngd	kg	1,250
Afköst		
Hámarkshraði		155 150
Hröðun 0-100 km/h	sek	14 17
Eldsneytisnotkun		
Bæjarakstur	lítrar / 100 km	Beinsk. Sjálfsk. 5,2 6,5
Utanbæjar	lítrar / 100 km	3,8 4,3
Meðaleyðsla	lítrar / 100 km	4,3 5,1
CO2 gildi		103 122





Eldsneyti	Bensín
Fjöldi stokka í vél	4
Rúmtak vélar (cc)	1200
Fjöldi ventla í vél	8
Hestöfl vélar (hö)	69
Tog vélar (Nm)	102
Gírar/þrep	5
Drif	Framan

Koltvísýringur CO2 (g/km)*	115
Eldsneytistankur (lítrar)	35
Eldsneytisnotkun: (l/100 km)	
- Innanbæjarakstur	6,3
- Utanbæjarakstur	4,3
- Blandaður akstur	4,9
Hröðun (0-100 km/klst.)	13,1
Hámarkshraði (km/klst.)	159
Dráttageta (kg. með/án hemla)	
Eiginþyngd (kg)	865



Jákó
Efni sem virka



Bón og Bílapvottaefni

bílasjampó með vaxbóni. Fjarlægir sót, salt og er tjöruleysandi. Gefur fallegan gljáa og myndar bónhúð á bílinn. Er nátturuvænt og veldur ekki umhverfismengun. blanda allt að 1/10 í vatni

Tjöruhreinsir fyrir bíla

Jákó tjöruhreinsir hefur mikla upplausnarhæfni og fjarlægir fljótt og örugglega tjöru, olíu, salt og önnur óhreinindi. Lyktarlítill Tjöruhreinsir. Virkar á blauta bíla Tjöruhreinsir sem virkar.



AUTO-CLEAN 1000



Bílapvottaefni
Frábært nátturuvænt hreinsiefni sem er allt í senn bónvörn og tjöruleysandi. blanda allt að 1/10 og virkar vel á Bíla, sendibíla, grófur, tragtórar og lyftara. **og til að hreinsa flugur af stuðrum.**

SÝRUVASK

Sýruvask er sápa sem inniheldur sýru og er ætluð til að fjarlægja útfellingar og ryðtauma. Hentar líka vel til að þrifa bíla þar sem ryðtaumar hafa myndast, **skemmir ekki lakk og virkar vel á felgur**



Erum líka með
Gólf og Veggjahreinsiefni
hreinsiefni fyrir bíla- og vélaverkstæði
hreinsiefni fyrir matvælaíðnað
Alhliðs Sóttahreinsisápa
Margar gerðir af Sandblátur sand og fylgihlutum



Auðbrekka 23 200 Kópavogi Sími: 564-1819 / 565-7744 www.jako.is

FULL ÞJÓNUSTA Á VERÐI SJÁLFS- AFGREIÐSLU.



Starfsmenn okkar taka upp hanskan fyrir viðskiptavinina. Þeir skipta um rúðupurrkur, mæla og fylla á olíu, rúðuvökva og frostlög – og dæla á tankinn, en þú greiðir sama verð og í sjálfsafgreiðslu.

Fáðu sem mest út úr hverjum dropa.



Athugið að þjónustutími
er mismunandi eftir stöðvum.

Nánari upplýsingar
á www.skeljungur.is